



Félags- og húsnæðismálaráðuneytið

Reykjavík, 19. janúar 2026

Efni: Þjónusta við börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er það hlutverk embættis umboðsmanns barna að vinna að því að fullt tillit sé tekið til réttinda, þarfa og hagsmuna barna, með því að setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Þá ber umboðsmanni jafnframt að stuðla að því að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 19/2013, sé virtur ásamt öðrum alþjóðasamningum sem varða réttindi og velferð barna.

Í lok apríl 2025 rifti Vinnumálastofnun samningum við Hafnarfjörð, Reykjavík og Reykjanesbæ um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd og sér Vinnumálastofnun nú alfarið um að veita þá þjónustu. Umboðsmaður barna óskar af þessu tilefni eftir upplýsingum frá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu eftir atvikum, með atbeina Vinnumálastofnunar, um hvaða afleiðingar þessar breytingar hafi haft fyrir börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd. Sérstaklega er óskað eftir upplýsingum um hvort þessum börnum standi enn til boða að sækja leikskóla, frístundaheimili og tómstundir. Ef þessi börn hafa ekki lengur tækifæri til þess eftir áðurnefndar breytingarnar er óskað eftir skýrum rökstuðningi fyrir þeirri breytingu og með hvað hætti mat hafi verið lagt á bestu hagsmuni barna við þá ákvarðanatöku. Þá er jafnframt óskað eftir upplýsingum um hvernig ráðuneytið telji það samræmast 2. gr. Barnasáttmálans að þessum hópi barna standi ekki til boða að sækja leikskóla, frístundaheimili og tómstundir.

Umboðsmaður barna vill árétt að 2. gr. Barnasáttmálans kveður á um að öll börn eigi að fá notið þeirra réttinda sem sáttmálinn kveður á um, án mismununar af nokkru tagi. Þá ber stjórnvöldum skylda til að leggja sérstakt mat á áhrif ákvarðana á börn sem teknar eru á vettvangi þeirra, en slíkt mat ætti ávallt að fara fram á fyrstu stigum ákvarðanatöku. Mat á áhrifum á börn er liður í því að kanna hvort ákvörðunin samræmist 3. gr. Barnasáttmálans, sem kveður á um að það sem börnum er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang, þegar gerðar eru ráðstafanir sem varða þau. Leiði mat á áhrifum í ljós að um neikvæð áhrif á börn er að ræða, ber stjórnvöldum skylda til þess að leita allra leiða til þess að fyrirbyggja slík áhrif og grípa til mótvægisáðgerða í þeim tilvikum þar sem það er ekki unnt. Þannig er tryggt að ákvörðun hverju sinni samræmist 3. gr. Barnasáttmálans. Þá vill umboðsmaður jafnframt árétt að samkvæmt leikskólalögum, nr. 90/2008, er leikskólinn fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er meginmarkmið leikskólastarfs að hlúa að börnum í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börn fái notið bernsku sinnar. Þá eiga börn jafnan rétt til menntunar sbr. 28. gr. Barnasáttmálans

og stjórnvöldum ber að tryggja öllum börnum jöfn tækifæri til lífs og þroska í samræmi við 6. gr. Barnasáttmálans.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna